



# Reglur um flokkun viðskiptavina vegna fjárfestingarþjónustu

Landsbankinn hf. | Nr. 1544-01 | September 2021

## 1. Gildissvið og markmið

Landsbankinn flokkar sérhvern viðskiptavin sem bankinn veitir fjárfestingarþjónustu í einn af eftirtöldum flokkum: Almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili. Markmið reglna þessara er að tryggja að viðskiptavinir Landsbankans sem vilja stunda verðbréfavíðskipti fyrir milligöngu bankans séu flokkaðir í samræmi við ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Reglur þessar eru þáttur í fjárfestavernd viðskiptavina en fjárfestavernd er mismunandi eftir því hvaða flokki viðskiptavinnur tilheyrir.

Ákvörðun um það hvaða flokki viðskiptavinnur tilheyrir skal liggja fyrir við upphaf viðskiptasambands.

## 2. Flokkun viðskiptavina

### 2.1. Almennir fjárfestar

Landsbankinn flokkar eftirtalda aðila sem almenna fjárfesta:

- » Einstaklingar
- » Fyrirtæki og félög sem ekki uppfylla kröfur laga um markaði fyrir fjármálagerninga um umfang heildartölu efnahagsreiknings, hreina ársveltu og/eða eigið fé til að teljast fagfjárfestar, sbr. nánar grein 2.2 í reglum þessum.

Almennir fjárfestar njóta mestrar fjárfestaverndar samkvæmt lögum.

### 2.2. Fagfjárfestar

Landsbankinn flokkar eftirtalda aðila sem fagfjárfesta:

- » Stór fyrirtæki, sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum hvað varðar fjárhæðir sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) ISK/EUR eins og það er skráð hverju sinni:
  - Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20. millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða hærri.
  - Hrein ársvelta er jafnvirði 40. millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða meiri.
  - Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða meira.
- » Stofnanafjárfesta sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðila sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.

Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavini sem búa yfir nægri reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Ekki eru gerðar jafn ítarlegar kröfur til bankans um upplýsingagjöf til fagfjárfesta þar sem bankanum er heimilt að ganga út frá því að fagfjárfestar hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til að skilja áhættuna sem felst í verðbréfavíðskiptum.

### 2.3. Viðurkenndir gagnaðilar

Landsbankinn flokkar eftirtalda aðila sem viðurkennda gagnaðila:

- » Lögaðila, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
- » Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.

Viðurkenndir gagnaðilar njóta minnstar verndar samkvæmt lögum.

## 3. Tilkynning um flokkun og samþykki yfirlýsingar

Landsbankinn greinir viðskiptavini skriflega frá því hvaða flokki hann tilheyrir og upplýsir hann um rétt sinn til að falla í annan flokk og hver réttaráhrif þess eru.

Í þeim tilvikum sem Landsbankinn flokkar viðskiptavin sem viðurkenndan gagnaðila skal bankinn afla staðfestingar frá viðkomandi um að hann samþykki flokkunina.

## 4. Tilfærsla milli flokka

### 4.1. Almennur fjárfestir í flokk upphækkaðra fagfjárfesta

Almennir fjárfestar geta sótt skriflega um það til bankans að vera flokkaðir upphækkaðir fagfjárfestar og hvort þeir óski eftir slíkri stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Við flokkun sem upphækkaður fagfjárfestir afsalar viðskiptavinur sér hluta af þeim réttindum og vernd sem hann nýtur sem almennur fjárfestir. Bankinn gerir viðkomandi skriflega grein fyrir því og viðskiptavinur lýsir því yfir að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd.

Viðskiptavinir sem óska eftir stöðu upphækkaðs fagfjárfestis hjá bankanum þurfa að uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

- » hafa átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
- » verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis nemi samanlagt meira en 500.000 evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni,
- » fjárfestir gegnir eða hafi gegnt, í a.m.k. eitt ár, stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu..

Til að umsókn almenns fjárfestis um stöðu upphækkaðs fagfjárfestis verði tekin til greina þarf viðskiptavinur að veita bankanum tiltekna upplýsingar og bankinn þarf að leggja mat á sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu viðskiptavinar og hvort nægileg víska sé fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst.

Viðskiptavinir sem hækkaðir eru í flokk upphækkaðra fagfjárfesta bera ábyrgð á því að tilkynna bankanum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem upphækkaðra fagfjárfesta. Ef bankanum verður kunnugt um að viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði þess að vera upphækkaður fagfjárfestir mun bankinn flokka viðskiptavininn á ný og tilkynna viðkomandi breytinguna.

### 4.2. Upphækkaður fagfjárfestir í flokk almennra fjárfesta

Upphækkaðir fagfjárfestar geta hvenær sem er óskað eftir því að vera færðir aftur í flokk almennra fjárfesta og njóta þannig meiri verndar.

### 4.3. Fagfjárfestir í flokk almennra fjárfesta

Fagfjárfestar geta óskað eftir því að vera flokkaðir almennir fjárfestar og njóta þannig meiri verndar. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að gert sé skriflegt samkomulag um að farið skuli með viðskiptavin sem almennan fjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinnna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

### 4.4. Fagfjárfestir í flokk viðurkenndra gagnaðila

Fagfjárfestar geta sótt skriflega um það til bankans að vera flokkaðir sem viðurkenndir gagnaðilar.

### 4.5. Viðurkenndur gagnaðili í flokk fagfjárfesta

Viðurkenndir gagnaðilar geta óskað eftir því að vera flokkaðir fagfjárfestar og njóta þannig meiri verndar. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að gert sé skriflegt samkomulag um að farið skuli með viðskiptavin sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða vegna tiltekinnna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

### 4.6. Viðurkenndur gagnaðili í flokk almennra fjárfesta

Viðurkenndir gagnaðilar geta óskað eftir því að vera flokkaðir almennir fjárfestar og njóta þannig meiri verndar. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að gert sé skriflegt samkomulag um að farið skuli með viðskiptavin sem almennan fjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða vegna tiltekinnna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

### 4.7. Viðskiptavinur óskar eftir að tilheyra fleiri en einum flokki

Almennt tilheyra viðskiptavinir Landsbankans einum flokki. Viðskiptavinir geta óskað eftir því að tilheyra fleiri en einum flokki eftir tegund viðskipta. Sömu leiðis geta viðskiptavinir óskað eftir því að tilheyra tilteknum flokki í einstökum viðskiptum.

### 4.8. Framkvæmd tilfærslu milli flokka

Þegar Landsbankanum berst umsókn um tilfærslu milli flokka leggur bankinn mat á umsóknina og fylgigögn. Viðskiptavinur er ekki færður á milli flokka fyrr en bankinn hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði laga um markaði fyrir fjármálagerninga.